

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 174/2013**

2014/EES/13/22

frá 8. október 2013

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1179/2012 frá 10. desember 2012 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 32ffa (reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32ffb. **32012 R 1179**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1179/2012 frá 10. desember 2012 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjtíð. ESB L 337, 11.12.2012, bls. 31).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „eða yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna“ komi á eftir orðunum „tollsvæði Sambandsins“ í 4. mgr. 2. gr.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1179/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 337, 11.12.2012, bls. 31.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.